Eftir að þú hefur slegið inn kennitöluna þína birtist síða sem kölluð er persónublað og lítur svona út.

Í ramma **1** koma fram grunnupplýsingar um félagsmanninn. Vinsamlega uppfærið þar rangar upplýsingar  eins og símanúmer, netfang og bankaupplýsingar eða staðfestið réttar upplýsingar. Það er gert fyrir neðan þennan ramma, undir **Aðgerðir.**

Í ramma **2** má sjá súlurit sem sýna félagsgjöld sem greidd hafa verið til félagsins síðustu 12 mánuði. Ef unnið er á fleiri en einum stað koma súlurnar fram í mismunandi litum og er heildarupphæð iðgjalda skráð þar fyrir neðan.  Hægt er að skrá þar inn starfsstöð félagsmanns.

Í ramma **3** eru sjóðir félagsins og þar getur þú sótt um styrki eins og sjúkradagpeninga, styrki úr sjúkrasjóði og styrki úr fræðslusjóði.

Í ramma **4** er yfirlit yfir síðustu styrki sem greiddir voru.

Efst í hægra horni er hægt að breyta tungumáli síðunnar og skrá sig út af síðunni.

Neðar á síðunni má m.a. sjá heildaryfirlit yfir þá styrki sem félagsmaður hefur þegar fengið greidda úr sjúkrasjóði, menntasjóðum og orlofssjóði.

Með því að smella á **Iðgjaldasaga** finnurðu yfirlit yfir öll félagsgjöld sem greidd hafa verið til félagsins, þ.e. iðgjaldasöguna þína hjá félaginu.




